

Ágætu sjóðfélagar Almenna lífeyrissjóðsins.

Ég flyt hér skýrslu Kjörnefndar vegna rafræns stjórnarkjörs árið 2025.

Kjörnefnd er skipuð af stjórn Almenna lífeyrissjóðsins og hana skipa Lára V. Júlíusdóttir, Ingvar J. Baldursson og Ólafur Jónsson.

Með Kjörnefnd störfuðu 2 starfsmenn sjóðsins, þeir Hrannar Bragi Eyjólfsson lögfræðingur og Halldór Bachmann kynningarstjóri. Þeim sem og öðrum starfsmönnum sjóðsins vil ég þakka gott samstarf við undirbúning og framkvæmd kosninga.

Hlutverk Kjörnefndar er að sjá til þess að framkvæmd stjórnarkjörs sjóðsins fari rétt fram og sé í samræmi við ákvæði laga og samþykktar sjóðsins. Í því felst að semja reglur um störf Kjörnefndar og framkvæmd kosninganna og eru þær reglur birtar á heimasíðu sjóðsins.

Hjá Almenna lífeyrissjóðnum reiknast atkvæðisréttur eftir inneign í séreignarsjóði og hlutfallslegri inneign í samtryggingarsjóði, þó með hámarksatkvæðarétti, sem nú er 132.782.405 atkvæði.

Auglýst var eftir framboðum þann 12. febrúar og framboðsfresti lauk þann 27. febrúar. Alls bárust 32 gild framboð, 29 karla og 3ja kvenna.

Að þessu sinni eru tvö sæti karla til kjörs í aðalstjórn og tvö sæti í varastjórn, annað skipað karli en hitt karli eða konu. Framkvæmd kosningar var í tvennu lagi, kosning í aðalstjórn og kosning í varastjórn og kjósa mátti 1 eða 2 frambjóðendur, eða ekki taka afstöðu.

Fyrir kosningar úrskurðaði kjörnefnd að sá frambjóðandi, karl eða kona, sem fengi flest atkvæði í kjöri til varastjórnar hljóti það sæti sem hefur þriggja ára kjörtímabil. Sá frambjóðandi sem hlýtur næstflest atkvæði mun hljóta það sæti sem hefur tveggja ára kjörtímabil, en að teknu tilliti til kynjahlutfalla, þannig að hvort kyn eigi minnst einn fulltrúa í varastjórn.

Rafrænt stjórnarkjör hófst 26. mars og því lauk í gær, 2. apríl.

Á endanlegri kjörskrá voru 58.663 sjóðfélagar og nýttu 1.523 sjóðfélagar kosningarétt sinn, eða 2,6% sjóðfélaga.

Kjósendur í ár voru 45,2% fleiri en árið 2024 og er þessi þróun mjög jákvæð.

Heildar atkvæðamagn í kosningunum var 456.545.532.594 og greidd atkvæði voru 69.213.595.794 Kjörsókn miðað við atkvæðamagn var 15,16% á móti 11,83% á síðasta ári.

Fyrir hönd Kjörnefndar er staðfest að stjórnarkjörið fór fram í samræmi við samþykktir sjóðsins.

Niðurstaða í kosningu tveggja aðalmanna í stjórn Almenna lífeyrissjóðsins er:

Hér mun ég fara yfir nafn og atkvæðahlutfall frambjóðenda í 5. til 1. sæti og gera grein fyrir heildar hlutfalli annarra frambjóðenda og þeirra sem ekki taka afstöðu. Nánari upplýsingar mun síðan birtast á almenni.is í kjölfar aðalfundar.

Aðalstjórn	Frambjóðandi	Fjöldi	Hlutfall
1	Þórarinn Guðnason	30.582.402.065	25,97%
2	Már Wolfgang Mixa	22.962.738.117	19,50%
3	Frosti Sigurjónsson	14.026.866.117	11,91%
4	Pétur Már Halldórsson	6.235.721.968	5,29%
5	Gunnar Gunnarsson	6.094.873.503	5,18%
	Aðrir	36.890.626.937	31,32%
	Tek ekki afstöðu	981.247.123	0,83%
	Samtals	117.774.475.830	100,00%

Fyrir hönd Kjörnefndar Almenna lífeyrissjóðsins, lýsi ég því yfir að:

Þórarinn Guðnason hjartalæknir og Már Wolfgang Mixa dósent í fjármálum, eru rétt kjörnar sem aðalmenn til stjórnar næstu 3 ár.

Niðurstaða í kosningu tveggja varamanna í stjórn Almenna lífeyrissjóðsins:

Hér mun ég fara yfir nafn og atkvæðahlutfall frambjóðenda í 5. til 1. sæti og gera grein fyrir heildar hlutfalli annarra frambjóðenda og þeirra sem ekki taka afstöðu. Nánari upplýsingar mun síðan birtast á almenni.is í kjölfar aðalfundar.

Varastjórn	Frambjóðandi	Fjöldi	Hlutfall
1	Evgenía Kristín Mikaelisdóttir	15.672.970.059	13,98%
2	Ruth Elfarsdóttir	12.953.461.567	11,56%
3	Vigdís Tinna Sigurvaldadóttir	12.180.302.464	10,87%
4	Frosti Sigurjónsson	10.444.733.134	9,32%
5	Magnús Karl Magnússon	8.896.499.013	7,94%
	Aðrir	45.321.094.259	40,43%
	Tek ekki afstöðu	6.625.951.510	5,90%
	Samtals	112.095.012.006	100,00%

Í núverandi varastjórn situr ein kona Lára Jónasdóttir, sem kjörin var í varastjórn á ársfundi 2023. Þar sem kona hlýtur nú flest atkvæði í kjöri til varastjórnar, þarf að gæta að kynjahlutfalli við kjör á þriðja manni í varastjórn Almenna lífeyrissjóðsins og hlýtur því sá karl sem fær flest atkvæði þriðja sæti varamanns.

Fyrir hönd Kjörnefndar Almenna lífeyrissjóðsins, lýsi ég því yfir að:

Evgenía Kristín Mikaelisdóttir sérfræðingur er rétt kjörinn varamaður til stjórnar næstu 3 ár og Frosti Sigurjónsson rekstrarhagfræðingur er rétt kjörinn varamaður næstu 2 ár.

Frambjóðendum er þakkað fyrir þátttöku í þessum lýðræðislegu kosningum.

Nýkjörnum stjórnarmönnum er óskað til hamingju með kjörið og óskað velfarnaðar í störfum fyrir sjóðinn.